

26. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, þriðjudaginn 16. ágúst 2011 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Birna Benediktsdóttir (BB), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM), Ingimundur Óðinn Sverrisson (ÍÓS), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Ásthildur Sturludóttir (ÁS).

Fundargerð ritaði: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

Dagskrá:

1. Málafni MEÓ

Magnús Ólafs Hansson og Björgvin Sigurjónsson komu inn á fundinn og upplýstu um stöðu safnsins og lögðu fram drög að ársreikningi 2011. Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps samþykkir heimild til hækkunar á yfirdrætti bankareiknings MEÓ í Landsbanka Íslands í allt að 2,2 milljónir króna. Formaður stjórnar upplýsti um að sendiherra Frakka á Íslandi væri væntanlegur í heimsókn að Hnjóti í september. Stjórnin upplýsti að ákveðið hefði verið að safninu loki 31. ágúst.

Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps óskar eftir því við eigendur safnsins, sveitarstjórnir Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps að þær skipi einn fulltrúa hvor í nefnd um framtíð Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti. Ennfremur er óskað eftir því við Þjóðminjasafn, Safnaráð, Ferðamálasamtök Vestur-Barðarstrandarsýslu, Byggðasafn Vestfjarða og Umhverfisstofnun að þau skipi sinn fulltrúa hvert í nefnd um framtíð Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti.

2. Sóknaráætlun 20/20

Rætt var um tillögur að sameiginlegri sýn sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum að forgangsröðum verkefna fyrir sóknaráætlun landshluta, 20/20. Verkefnið verða kynnt á fundi sveitarfélaga á Vestfjörðum á Hólavík 18. ágúst 2011 nk. Endanleg ákvörðun sameiginlegra verkefna allra sveitarfélaga á Vestfjörðum verður tekin á þingi Fjórðungssambandsins 2.-3. September nk. Ákveðið var að kynna eftirfarandi áherslur sveitarfélaga á sunnanverðum Vestfjörðum:

- Viðurkenningu á sérstökum aðstæðum sunnanverðra Vestfjarða og að vegabætur á sunnanverðum Vestfjörðum séu mikilvægasta málið.
- Jöfnun húshitunarkostnaðar: Áfram verði hægt að leita til Orkusjóðs vegna nýrra lausna við húshitun, s.s. borun eftir heitu vatni og varmadæluinnleiðingar í sveitarfélögum.
- Áframhaldandi rekstur Framhaldsdeildar á Patreksfirði verði tryggður.
- Breytingar verði gerðar á rekstrarformi Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði þannig að hægt verði að bæta þjónustu við aldraða í sveitarfélögunum, s.s. með aukningu hjúkrunarrýma en jafnframt að sjálfstæði stofnunarinnar verði virt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____